



Bragi Nielsson

Fæddur 16. febrúar 1926

Dáinn 13. júní 2021



*Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 25. júní 2021*

FORSPIL

Litanei

Franz Schubert

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörmur og sól,
hljómi samt harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

RITNINGARORÐ

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

Guðrún Böðvarsdóttir - Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

RITNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Nessun Dorma

Giacomo Puccini

GUÐSPJALL

Ég bið þig Guð að gæta mín
og gefa mér þitt brauð,
svo elska megí ég orðin þín
og aldrei líða nauð.

Ég bið þig Guð að gæta mín
og gefa mér þinn frið,
svo öðlast megí ég ást til þín
og öðrum veita líð.

Ég bið þig Guð að gæta mín
og gefa mér þitt ljós,
svo lýsa megí ég leið til þín,
að lífsins smæstu rós.

Ég veit þú, Guð, mín gætir hér
í gleði, sorg og þraut,
og glaður mun ég gefast þér
þá gengin er mín braut.

*Amerískt þjóðlag -
Ingibjörg R. Magnúsdóttir*

MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Rósin

Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

BÆN / FAÐIR VOR

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Þorkell Sigurbjörnsson - Kolbeinn Tumason

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður þjótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Prestur: Sr. Jón Ragnarsson
Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson
Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug